

Sagnfræðingafélag Íslands  
ReykjavíkurAkademían  
Hringbraut 121  
101 Reykjavík

8. janúar 2009

**Umsögn**  
**Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**  
**Þskj. 154 – 139. mál**

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er ein mikilvægasta þjónustustofnun þeirra sagnfræðinga sem stunda rannsóknir auk þess sem hún þjónar Háskóla Íslands, einu háskólastofnun landsins þar sem hægt er að nema sagnfræði til B.A.-, M.A.- og doktorsprófs. Það þarf því ekki að fjölyrða um mikilvægi safnsins fyrir stéttina.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem gerir ráð fyrir talsverðum breytingum á þeim lögum sem nú gilda. Stjórn Sagnfræðingafélagsins hefur skoðað lögina og gerir alvarlegar athugasemdir við nokkrar af þeim breytingum á núverandi skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir.


Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands gerir athugasemdir við það að frumvarpið geri ekki ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn verði rannsóknarbókasafn eða muni hafa frumkvæði að rannsóknum og þróun innan safnsins. Það er sagnfræðingum og öðrum fræðastéttum mjög mikilvægt að safnið gegni rannsóknum á sviði íslenskrar bókfræði og bóksögu eins og núgildandi lög kveða á um. Rannsóknarhlutverk safnsins tryggir að innan þess sé hæft starfsfólk sem geti komið til móts við þarfrir fræðimanna sem nýta sér safnkostinn í rannsóknarvinnu. Vætanlega verður engin þörf fyrir starfsfólk með slíka sérþekkingu í safni þar sem engar rannsóknir eru stundaðar, né heldur mun slík sérþekking myndast, en það myndi koma sagnfræðingum og fræðimönnum almennt afar illa. Hins vegar hafa ýmis þróunarverkefni innan safnsins haft mikil og jákvæð áhrif á aðstöðu sagnfræðinga til rannsókna. Er þar skemmst að minnast stafræna dagblaðsafnsins *Timarit.is* sem hefur gjörbylt allri leit í tímaritum og sparað fræðimönnum ómældan tíma og fyrirhöfn. Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands telur því mikilvægt að bókasafnið sinni áfram rannsóknar- og þróunarhlutverki sínu.

Loks gerir stjórn Sagnfræðingafélags Íslands athugasemdir við þær breytingar á stjórn safnsins sem gert er ráð fyrir í 2. og 3. grein frumvarpsins. Í fyrsta lagi telur stjórn Sagnfræðingafélags Íslands óskynsamlegt að láta ráðherra skipa tvo aðila án tilnefningar í stjórn safnsins í stað eins á kostnað vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem tilnefnir einn mann í stjórn samkvæmt núgildandi lögum. Frekar ætti að efla tengingu Landsbókasafns við vísinda- og fræðasamfélagið en að veikja það. Í öðru lagi er gerð athugasemd við að stjórnin skuli aðeins fara með ráðgefandi hlutverk í stjórn safnsins samkvæmt frumvarpinu. Landsbókavörður ber hina rekstrarlegu ábyrgð en stjórnin þá faglegu og þar með hlýtur fagstjórnin að skerðast fari stjórnin með jafntakmarkað hlutverk og frumvarpið segir til um. Það hlýtur að teljast váleg tíðindi fyrir þá fagmenn sem nota safnkostinn til fræðirannsókna.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands gerir einnig athugasemdir við óljóst orðalag frumvarpsins í 4. grein þar sem kveðið er á um hlutverk og markmið safnsins. Auk þess sem rannsóknar- og þróunarhlutverkið er fellt út gerir frumvarpið, andstætt núgildandi lögum, ekki ráð fyrir samskrá bókasafna, landsmiðstöð millisafnalána og gerð skráa um íslenskar bækur, handrit og hljóðrit, svo dæmi séu nefnd. Þessi þjónusta er sagnfræðingum mikilvæg. Þótt stjórn Sagnfræðingafélagsins sé sammála höfundum frumvarpsins um að ákvæði um hlutverk og markmið safnsins geti ekki verið tæmandi telur stjórnin mikilvægt að skýrt sé kveðið á um slíka grundvallarstarfsemi í lögum til að tryggja að henni sé sinnt. Frekar ætti að fjölga þeim liðum sem greina frá hlutverki safnsins og tryggja samtímis þann sveigjanleika sem þarf til að safnið geti tekið að sér önnur verkefni ef þörf krefur.

Stjórn Sagnfræðingafélagsins fagnar hins vegar því nýmæli laganna að skýrt sé kveðið á um hlutverk safnsins í framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Hins vegar er vakin athygli á því að í frumvarpinu er hvergi minnst á skyldur safnsins til að viða að sér prentuðum heimildum umfram skylduskil sem hlýtur þó að vera eitt af höfuðhlutverkum safnsins.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands telur að svo margir og alvarlegir gallar séu á frumvarpi þessu að það þurfi að taka til röttæktrar endurskoðunar eigi það ekki að skaða hagsmuni fræðimanna á Íslandi. Því telur stjórnin skynsamlegt að frumvarpið verði látið niður falla í núverandi mynd.

  
Iris Ellenberger  
f.h. stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands